

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 407/2020, um bann við hrognkelsaveiðum árið 2020.

1. gr.

Ný málsgrein bætist við 2. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi:

Bátur sem fær leyfi til grásleppuveiða á innra svæði Breiðafjarðar, skv. 1. mgr. getur landað að hámarki 15 tonnum af grásleppu á grásleppuvertíð 2020.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. maí 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.